



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2015-058-U-008**


Dagsetning: **25. maí 2015**

Staðsetning: **Hvítársíðuvegur**

Atvik: **Útafakstur, bifhjólaslys**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning

**Látinn:**

32 ára gamall karlmaður

Veður og birta:

SA 6 m/s, 7°C og bjart.

Vegur:

Malar slitlag. Hámarkshraði 80 km/klst.
Meðaltalsumferð á sólarhring er 58 ökutæki.

Tími sólarhrings:

16:57

Ökutæki:

BMW G 650 GS þungt bifhjól

Samantekt

Síðdegis 25. maí 2015 missti erlendur ferðamaður á bifhjóli stjórn á því á malarvegi með þeim afleiðingum að hjólið fór út fyrir veginn og valt ofan á ökumanninn og farþega þegar það stöðvaðist. Ökumaðurinn lést í slysinu en farþeginn hlaut lítil meiðsl.

Lýsing á slysi

Síðdegis 25. maí 2015 ók erlendur ferðamaður bifhjóli með farþega austur Hvítársíðuveg. Ökumaðurinn hafði tekið bifhjólið á leigu. Ökumaður og farþegi voru á ferðalagi um landið á bifhjólinu og óku um 150-300 km dagleiðir milli gististaða. Þau höfðu að mestu haldið sig á vegum með malbikuðu slitlagi en ökumaður hafði lýst yfir áhuga á að aka torfærari leiðir og því ákváðu þau að fara Hvítársíðuveg þennan dag.



Mynd 1: Mynd af vettvangi tekin í akstursátt bifhjólsins. Yfirborð vegarins var gróft og sjá mátti að svonefnt þvottabretti hafði myndast á yfirborðinu. Á myndinni liggur hjólið á vinstri hlið en hjólið féll á hægri hliðina í slysinu og hafði verið velt við til að losa ökumann og farþega undan því.

Austan við Sámstaði missti ökumaðurinn stjórn á hjólinu með þeim afleiðingum að hjólið fór út fyrir veg vinstra megin. Hjólið féll svo á hliðina þannig að það hallaði undan brekku og lentu bæði ökumaður og farþegi undir því. Þau gátu ekki lyft bifhjólinu af sér og lágu þar föst þar til vegfarendur komu til hjálpar. Samkvæmt ökutækjaskrá vegur hjólið 192 kg að eiginþyngd en til viðbótar voru þrjár farangurstöskur festar á hjólið. Til þess að lyfta hjólinu af fólkinu þurfti að ýta á móti halla. Þurfti tveggja manna tak til.

Að sögn farþegans byrjaði framhjól bifhjólsins að hristast og því næst hafi bifhjólið farið út af veginum. Greina mátti för eftir hjólið á veginum. Förin voru S-laga um það bil 18 metra langur sveigur, þar til því var ekið út af vinstra megin og það stöðvaðist um 12 metra frá þeim stað sem það fór út af. Vegurinn var holóttur og með lausamöl þar sem slysið varð.

Ökumaðurinn hafði 18 ára reynslu af akstri bifhjóla í öðrum löndum. Ökumaðurinn mun hafa leigt svipað hjól fyrir ferðina til að undirbúa sig sem best fyrir ferðina til Íslands.

Áverkar

Hjólið lagðist á hægri hliðina yfir bæði ökumann og farþega. Bifhjólið hvíldi af þunga á bringu ökumanns og olli köfnun. Farþeginn hlaut ekki mikil meiðsl.

Bifhjólið

Bifhjólið var af gerðinni BMW G 650 GS nýskráð í júní 2014 og var skráð til útleigu. Hjólið er hannað til aksturs bæði á malbiki og á mól. Hjólið var útbúið hjólbörðum sem samkvæmt upplýsingum framleiðanda eru gerðir aðallega fyrir akstur á bundnu slitlagi en einnig fyrir

malarvegi. Aftan á bifhjólinu voru þrjú farangursbox. Hjólið var afturþungt. Farangursboxin á hjólinu voru fyrir ofan og rétt fyrir aftan afturöxul. Sæti farþega var nokkurn veginn ofan á eða rétt framan við afturöxul. Vandasamara er að aka hjóli sem er afturþungt og framhjólið/stýrið er viðkvæmara fyrir ójöfnum á veginum. Ferðamennirnir voru með hjálm og í bifhjólagalla.



Mynd 2: Bifhjólið.

Ökuhraði

Vitni sem sá til ferða bifhjólsins rétt fyrir slysið sagði ökuhraðann hafa verið lítinn, mögulega 60 km/klst, sem er í samræmi við frásögn farþegans. Ummerki á vettvangi styðja þessar frásagnir.

Vegur og umhverfi

Á slysstað er vegurinn beinn en holóttur þar sem ökumaðurinn missti stjórn á bifhjólinu.



Mynd 3: Mynd tekin í vestur. Rígt hafði eftir slysið.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Ekki var gerð áfengis- og lyfjarannsókn á ökumanni bifhjólsins.

Orsakagreining

- Ökumaður missti stjórn á bifhjóli þegar hann ók yfir ójöfnur á malarvegi
- Ökumaðurinn varð undir hjólinu og kafnaði vegna þunga þess

Tillaga í öryggisátt

Fræðsla til leigutaka

Samkvæmt upplýsingum frá bifhjólaleigu sem hjólið var leigt hjá, eru allir leigutakar uppfræddir um þær aðstæður sem búast má við á íslenskum vegum. Samgöngustofa hefur útbúið stutt fræðslumyndskaið um hættur við akstur bifhjóla og akstur í lausamöl og hálku sem koma m.a. inn á atriði sem mikilvægt er fyrir ökumenn bifhjóla að hafa í huga við akstur á íslenskum þjóðvegum. Þau myndskaið eru á íslensku. Útbúið hefur verið fræðslumyndskaið sérstaklega fyrir erlenda ferðamenn við akstur bifreiða en ekki hefur verið útbúið fræðsluefni sem beint er sérstaklega til erlendra ferðamanna sem ferðast á bifhjólum.

RNSA leggur til að útbúið verði fræðsluefni til að uppfræða erlenda ferðamenn á bifhjólum um aðstæður á íslenskum vegum. Tillögunni er beint til Samgöngustofu.

Ábending

Akstur bifhjóla með farþega og farangur

Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir á, að akstur bifhjóla með farþega og farangur getur verið vandasamur. Erfiðara er fyrir ökumann að bregðast við, því bæði farþegi og farangur breyta þyngdardreifingu á milli fram og afturöxuls og þyngja hjólið. Af þeim sökum breytast aksturseginnleikar sem ökumaður verður að vera vel meðvitaður um og kunna að bregðast við. Mikilvægt er að farþeginn þekki til aksturs bifhjóla og ökumaður upplýsi farþega ef bregðast þarf við t.d. ójöfnum á vegi.

Skýrsluna samþykkja:

Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 17. mars 2017
Rannsóknarnefnd samgönguslysa